# Hann Fúsi er latur að læra

Höf. ókunnur

Frá Ameríku




Hún Helga er helmingi betri,
og hún er nú montin af því.
Að H er hún hárviss að þekkja,
en hitt dótið kallar hún Í.
Tra - la - la - la,
en hitt dótið kallar hún Í, Í ,Í.
Tra - la - la -la,
en hitt dótið kallar hún Í.

Hann Lalli er ljósið í bekknum,
og líklegast í þessum bæ.
Því L, M, N, O, P hann þekkir,
en allt hitt er B eða Æ.
Tra - la - la - la,
en allt hitt er B eða Æ, Æ, Æ.
Tra - la - la -la,
en allt hitt er B eða Æ.